

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Félag skógarbænda á Norðurlandi .....	2
Starfshópur til undirbúnings Norðurlandsskóga .....	2
Stofnun Norðurlandsskóga.....	3
Stjórn og starfsmenn Norðurlandsskóga.....	3
Skipurit Norðurlandsskóga .....	4
Kynning og umsækjendur .....	5
Umsóknir.....	5
Forgangsröðun umsókna.....	6
Bændur heimsóttir.....	7
Tíðarfar og ræktunarárangur .....	8
Gróðursetning .....	8
Skjólbelti .....	10
Fjármál .....	12
Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga .....	13
Ársreikningur 2000 .....	22

## **Inngangur**

Hugmyndin að Norðurlandsskógum hefur verið lengi að þróast. Nytjaskógrækt á vegum bænda með framlögum úr ríkissjóði hófst á Norðurlandi árið 1983. Lög um Nytjaskógrækt á bújörðum voru sett 1984 sem viðbót við skógræktarlögin frá 1955. Verkefnið tekur aðeins til ræktunar nytjaskóga til timburframleiðslu og því aðeins jarðir á vænlegustu skógræktarsvæðunum sem eiga möguleika á því að fá framlög. Í öðrum landshlutum hefur það gerst að lög um Héraðsskóga voru samþykkt árið 1991 og er það verkefni í dag gott dæmi um vel heppnað skógræktar- og byggðaþróunarverkefni. Lög um Suðurlandsskóga voru samþykkt 1997 og með þeim opnuðust nýir möguleikar því fjölnytjaskógrækt var viðurkennd sem styrkhæft skógræktarverkefni.

## **Félag skógarbænda á Norðurlandi**

Félag skógarbænda á Norðurlandi var stofnað 26. nóvember 1997. Eitt af aðalmarkmiðum félagsins er að efla skógrækt á Norðurlandi og að koma á verkefni hliðstæðu Suðurlandsskógum. Félagið sótti um styrki til ýmissa aðila og hefur Framleiðnisjóður styrkt undirbúning með 600.000 kr. og Framkvæmdanefnd búvörusamninga lét 2.000.000 í té. Fjármagnið var notað til að hraða úttækt á skógræktarskilyrðum á Norðurlandi sem var nauðsynlegur hluti af undirbúningi Norðurlandsskóga. Einnig hafa Kaupþing Norðurlands og Sparisjóður Norðlendinga styrkt félagið um 300.000 samanlagt.

## **Starfshópur til undirbúnings Norðurlandsskóga**

Hugmyndir um Norðurlandsskóga voru kynntar þingmönnum Norðurlandskjördæma í júlí 1998. Í kjölfar þess fundar skipaði landbúnaðarráðherra starfshópur til að vinna að framgangi verkefnisins. Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn að Hrafnagili 14. september. Hópurinn skipuðu Jón Erlingur Jónasson formaður, Jón Loftsson fulltrúi Skógræktar ríkisins og Davíð Guðmundsson fulltrúi Félags skógarbænda á Norðurlandi. Í janúar tók Eiríkur Hreiðarsson sæti í nefndinni í stað Davíðs Guðmundssonar sem forfallaðist. Ritari starfshópsins var Sigrún Sigurjónsdóttir skógræktarráðunautur á Norðurlandi. Skógarþjónusta Skógræktar ríkisins á Norðurlandi annaðist gerð skýrslunnar fyrir starfshópin.

## Stofnun Norðurlandsskóga

Norðurlandsskógar voru formlega stofnaðir 13. júlí árið 2000. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gróðursetti fyrstu plöntuna og lýsti yfir formlegri stofnun verkefnisins. Athöfnin fór fram að Dagverðareyri í Glæsibæjarhreppi þar sem bændur hafa stundað skógrækt í hálföld.

Norðurlandsskógaverkefnið er byggt á lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999 og er verkefnið til 40 ára.




*Frá stofnun Norðurlandsskóga að Dagverðareyri 13. júlí s.l.*

## Stjórn og starfsmenn Norðurlandsskóga


Stjórn Norðurlandsskóga byrjaði að starfa í febrúar en hana skipa: Stefán Guðmundsson f.h. landbúnaðarráðherra, Davíð Guðmundsson f.h. Félags skógarbænda á Norðurlandi, Sigurður Skúlason f.h. Skógræktar ríkisins og Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarfélagi á Norðurlandi.

Framkvæmdarstjóri með aðsetur á Akureyri var ráðinn Sigrún Sigurjónsdóttir skógfræðingur og tók hún til starfa 1. maí. Svæðisstjóri fyrir Þingeyjarsýslur með aðsetur í Kelduhverfi var ráðinn Guðríður Baldvinsdóttir skógfræðingur og hóf hún störf 1. ágúst. Sumarstarfsmaður var ráðinn í Skagafirði Hrefna Jóhannesdóttir skógfræðingur.

## Skipurit Norðurlandsskóga



Fjölnytjaskógræktin sem á að stunda á vegum Norðurlandsskóga skiptist í timburskógrækt, landbótaskógrækt og skjólbeltarækt. Samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni á að rækta skóg á a.m.k. 5% lands undir 400 m.y.h. Það eru um 65.000 ha á starfssvæði Norðurlandsskóga.



*Yfirlitsmynd yfir timburskógrækt, landbótaskógrækt og skjólbeltarækt.*

## Kynning og umsækjendur

Eitt fyrsta verkefni Norðurlandsskóga var að kynna verkefnið. Í lok apríl og byrjun maí voru haldnir kynningarfundir. Haldinn var einn fundur í hverri sýslu nema í N-Þing voru haldnir tveir. Samtals mættu um 250 manns á kynningarfundina.


Gefinn var út kynningarbæklingur sem dreift var til þeirra sem sóttu fundina og annarra sem áhuga höfðu á verkefninu.

Allir þeir sem hafa lögbyli til umráða geta sótt um þátttöku í Norðurlandsskógum. Lágmarksstærð lands miðast við 20 ha vegna timburskógræktar og 25 ha vegna landbótaskógræktar.

## Umsóknir


- 110 umsóknir bárust fyrir fyrsta umsóknarfrest þann 15. júlí
- **Um 150 umsóknir bárust á árinu**
- Um 13.000 ha. er samanlögð stærð svæða sem sótt var um til skógræktar
- Um 3.500 ha. var sótt um til skjólbeltaræktar

Umsóknir skiptust nokkuð jafnt eftir sýslum. Athygli vöktu margar umsóknir úr N-Þing, sem er fámennasta sýslan en bændur þar sáu nýja möguleika með þátttöku í Norðurlandsskógum. Einnig sóttu margir Skagfirðingar um þátttöku. Frekar fáar umsóknir bárust úr Eyjafjarðarsýslu, en skýringin á því er líklega að þar eru nú þegar fjölmargir þátttakendur í verkefninu “Nytjaskógrækt á bújörðum” og einnig hefur þar verið stunduð mesta skjólbeltarækt á Norðurlandi.



*Umsækjendur flokkaðir eftir sýslum*

Þegar hlutfall umsækjenda sem búa á væntanlegum skógræktarjörðum var skoðað, kom í ljós að það er mjög hátt bæði í Norður-Þingeyjarsýslu og Skagafjarðarsýslu, einnig er hlutfallið hátt í Austur-Húnavatnssýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Gera má ráð fyrir að Norðurlandsskógar komi til með að styrkja byggðina í sveitunum töluvert.



*Hlutfall umsækjenda sem búa á væntanlegum skógræktarjörðum*

### **Forgangsröðun umsókna**

Vegna mikils fjölda umsókna þurfti að forgangsráða þeim umsækjendum sem fyrst sóttu um, eftirfarandi reglur voru notaðar:

1. Lögbýli með fastri búsetu umsækjenda.
2. Lögbýli án fastrar búsetu umsækjenda.
  - a. Í eigu einstaklinga.
  - b. Í eigu stofnana, félagasamtaka, eignarhaldsfyrirtækja osfrv.
3. Annað, sérverkefni.

Allir umsækjendur sem búa á lögbýlum voru teknir inn. Þetta voru samtals 60 jarðir.

- 12 hefja gróðursetningu vorið 2001
- 48 hefja gróðursetningu vorið 2002

## **Bændur heimsóttir**

Allir þeir sem sóttu um fyrir 15. júlí voru heimsóttir í ágúst og september. Þeir sem sendu inn umsókn eftir þann tíma verða heimsóttir næsta haust. Tilgangurinn með heimsóknunum var að meta hugmyndir bænda og landið sem þeir höfðu til ráðstöfunar.



*Væntanlegur skógarbóndi í Öxarfirði heimsóttur*

Landið sem skógarbændur ætla að taka til skógræktar er mjög fjölbreytt, bæði hvað varðar skógræktarskilyrði, gróðurfar og landslag.



*Ógróinn melur sem bíður þess að vera klæddur landbótaskógi*


## Tíðarfar og ræktunarárangur

Vorið var fremur kalt og þurrt, þó komu nokkrir góðir dagar fyrri hluta maí en seinni hluti mánaðarins var kaldur. Óvenju sólríkt og þurrt var á Norðurlandi í sumar og haust. Sólskinsstundir á Akureyri hafa ekki mælst fleiri frá upphafi mælinga. Vöxtur trjágróðurs var góður og talsvert mikið birkifræ þroskaðist í haust.

## Gróðursetning

Samtals voru gróðursettar 264.410 skógarplöntur á þessu ári. Mest var gróðursett á Hamri í Langadal eða 73.060 plöntur.

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Reyniv.	Samtals
Ásláksstaðir		1.320	2.120		1.365		4.805
Egilsá				280	280		560
Flaga				5.000			5.000
Glæsibær		9.680	18.790	2.000	9.275	280	40.025
Hamar	2.000		10.320	55.700	5.040		73.060
Hesjuvellir	700		6.000		350		7.050
Hróarsstaðir				12.000			12.000
Hvammur		3.500					3.500
Jódísarstaðir	2.400	2.000	14.220	2.000	100		20.720
Kárhóll	500		4.500		600		5.600
Laugafell			600		250		850
Merkigarður		1.000		2.000	350		3.350
Narfastaðir			1.500	1.500	1.000		4.000
Silfrastaðir	2.500	6.000	14.120	29.000	5.400		57.020
Skjaldarstaðir		960	240	6.400			7.600
Steðji		8.500	1.500				10.000
Syðri-Mælifellsá			1.500		500		2.000
Öngulstaðir 2		400		4.000	2.870		7.270
Samtals:	8.100	33.360	75.410	119.880	27.380	280	264.410




Myndin sýnir hlutfall hvernar tegundar sem var gróðursett. Mest var gróðursett af lerki eða um 45% af heildargróðursetningu.



Mest er gróðursett í Eyjafirði eða um 85 þús. plöntur. Að meðaltali eru gróðursettar um 15.000 plöntur á hverri jörð en meðaltalið er nokkur misjafnt eftir sýslum.

Jörð	Eyjafj.	S-Þing	Skagafj.	A-Hún
Ásláksstaðir	4.805			
Egilsá			560	
Flaga	5.000			
Glæsibær	40.025			
Hamar				73.060
Hesjuvellir	7.050			
Hróarsstaðir		12.000		
Hvammur	3.500			
Jódísarstaðir		20.720		
Kárhóll		5.600		
Laugafell		850		
Merkigarður			3.350	
Narfastaðir		4.000		
Silfrastaðir			57.020	
Skjaldarstaðir	7.600			
Steðji	10.000			
Syðri-Mælifellsá			2.000	
Öngulstaðir 2	7.270			
<b>Samtals:</b>	<b>85.250</b>	<b>43.170</b>	<b>62.930</b>	<b>73.060</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>10.656</b>	<b>8.634</b>	<b>15.732</b>	<b>73.060</b>




*Skipting plantna á milli sýslna.*

## Skjólbelti

Norðurlandsskógar veita styrki til skjólbelta í formi plantna, plasts og plastlagningar. Bændur standa sjálfir fyrir kostnaði við friðun beltanna og vinnu við jarðvinnslu og gróðursetningu. Skjólbelti voru ræktuð á 21 jörð á þessu ári.


Jörð	Samtals	Annað	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp
Árdalur	620						620	
Áshóll	900						675	225
Ásláksstaðir	82	10	15	27		10		20
Brimnes	305		35				235	35
Daufá	2080	40		40	2000			
Engihlíð	920		200	120			600	
Fagranes	107					10	97	
Garður	788		64		65		649	10
Hóll	370		20		35		283	32
Kálfsárkot	910		160				750	
Laftún	500				100		400	
Laxamýri 2	335						300	35
Lón 2	470		50				350	70
Nautabú	791		47		112		560	72
Nes	1030				85		860	85
Presthólar	990		40		50	10	865	25
Staðarhóll	869	3	122		50	21	625	48
Stekkjarflatir	875		200	20	160		445	50
Sveinungsvík	1110		70		80		925	35
Tréstaðir	180							180
Víðigerði	300						300	
Samtals	14532	53	1023	207	2737	51	9539	922



Skipting tegunda í skjólbeltum

Jörð	Eyjafj.	N-Þing	Skagafj.	S-Þing	Samtals
Árdalur		620			620
Áshóll				900	900
Ásláksstaðir	82				82
Brimnes			305		305
Daufá			2080		2080
Engihlíð			920		920
Fagranes				107	107
Garður		788			788
Hóll		370			370
Kálfsárkot	910				910
Laftún			500		500
Laxamýri 2				335	335
Lón 2		470			470
Nautabú			791		791
Nes				1030	1030
Presthólar		990			990
Staðarhóll				869	869
Stekkjjarflatir	875				875
Sveinungsvík		1110			1110
Tréstaðir	180				180
Víðigerði	300				300
<b>Samtals</b>	<b>2347</b>	<b>4348</b>	<b>4596</b>	<b>3241</b>	<b>14532</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>469</b>	<b>725</b>	<b>919</b>	<b>648</b>	<b>692</b>
<b>Fjöldi skjólbeltabænda</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>21</b>

*Lengd skjólbelta*



*Hlutfall skjólbelta eftir sýslum*

## Fjármál


Samkvæmt áætlun sem unnin var af undirbúningshóp fyrir Norðurlandsskóga var gerð eftirfarandi áætlun um framvindu verkefnisins (fjárhæðir m.v. 1. sept. 1998).

Ár	Fjármagn í mill. kr. (m.vsk)
2000	25
2001	50 *(53)
2002	80 *(84,8)
2003	130 *(137,8)
2004	180 *(190,8)
2005	210 *(222,6)

\* miðað við 1. jan. 2000 (6% hækkun neysluv. vísit.)

Reiknað er með að verkefnið verði komið á fullt skrið ekki seinna en 2005.

Norðurlandsskógar fengu 25 milljónir á fjárlögum ársins 2000. Því til viðbótar hafði verið áætlað að 13,5 milljónir kæmu vegna verkefnisins “Nytjaskógrækt á bújörðum” sem hafði verið í umsjón Skógræktar ríkisins. Því miður skilaði það fjármagn sér ekki til Norðurlandsskóga. Verkefnið hefur því haft minna fé til ráðstöfunar heldur en gert var ráð fyrir þar sem mikið af fjárveitingunni var bundið vegna skuldbindinga við bændur í verkefninu “Nytjaskógrækt á bújörðum”.



## Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga

### Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 1.

Árið 2000, þriðjudaginn 8. febr. kl. 13.15, kom stjórn Norðurlandsskóga saman til síns fyrsta fundar að Búgarði á Akureyri. Stjórnin var skipuð með bréfi Landbúnaðarráðherra dagsettu 25. jan. árið 2000 sem hér segir: Formaður Stefán Guðmundsson Brekkutúni 11, Sauðárkróki, skipaður án tilnefningar, Davíð Guðmundsson Glæsibæ 601 Akureyri, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Norðurlandi, Sigurður Skúlason skógarvörður Vöglum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þorvaldur Böðvarsson Hvammstangabraut 32, 530 Hvammstanga tilnefndur af skógræktarfélagum á Norður- landi. Allir mættir og einnig Sigrún Sigurjónsdóttir skógræktarráðunautur og Brynjar Skúlason skógfræðingur.

Formaður setti fundinn og bauð menn velkomna. Fulltrúar fjölmiðla, sem voru boðaðir, fengu upplýsingar um helstu markmið Norðurlandsskóga.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Formanni var falið að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga.
2. Rætt um framtíðaráform verkefnisins. Fjárveitingar til Nl.skóga eru 25 milj. kr. á fjárlögum þessa árs. Þar að auki voru áætlaðar 14. 5 milj. kr. til Nytjaskógaverkefnis og skjólbelta á bújörðum. Kanna þarf hvort Nl.skógar eigi rétt á þeim fjárveitingum.
3. Kynning á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga. Brynjar Skúlason, sem unnið hefur að skipulagstillögunni ásamt Sigrúnu og Þresti Eysteinsyni, kynnti helstu þætti tillögunnar. Samþykkt var að fela honum að vinna áfram að þessu verkefni.
4. Plöntumál. Sigrúnu var falið að leita samninga við Gróðrarstöðina á Grísará um framlengingu á ræktunarsamningi, þ.e. um 350.000 þúsund plöntur fyrir árið 2001 og kanna möguleika á frekari aukningu. Einnig var henni falið að athuga um notkun mismunandi bakkagerða og þá einkum notkun á opnum bökkum.
5. Rætt var um þjónustusamning við Skógrækt ríkisins. Formanni var falið að skrifa yfirstjórn S.r. og fara fram á viðræður um samskipti S.r. og Norðurlandsskóga.
6. Rædd voru húsnæðismál og umsókn um kennitölu en afgreiðslu frestað.
7. Davíð lagði fram blaðaauglýsingu þar sem norræna Atlanshafsnefndin Nora auglýsir eftir umsóknum um styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, svo sem landbúnaðar. Samþykkt var að kanna hvaða möguleika Nl.skógar ættu og leita aðstoðar Mógilsármanna og þróunarsviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign)  
Þorvaldur Böðvarsson (sign) Brynjar Skúlason (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)

## Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 2.

Árið 2000, miðvikudaginn 8. mars, kl. 10 var á Hótel Varmahlíð fundur í stjórn Norðurlandsskóga. Sigurður Skúlason var fjarverandi erlendis.

Fyrir var tekið:

1. Erindi frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 29. febr. sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Skilafrestur til 29. 03. Afgreiðslu frestað.

2. Ráðning framkvæmdastjóra.

Formaður lagði fram fjórar umsóknir, er höfðu borist innan auglýsts umsóknarfrests. Eftirtalin sóttu:

Mæva Marlene Urbschat kt. 140256-8039 Litla Búrfelli, 541 Blönduósi.

Steinn Kárason kt. 221054-5719 Skógarkoti 1, 311 Borgarnes.

Sigrún Sigurjónsdóttir kt. 110966-5479 Brekkugötu 15, 600 Akureyri.

Brynjar Skúlason kt. 211268-5229 Hólsgarði, Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri.

Farið var yfir umsóknir og fylgigögn. Síðan var hringt í Sigurð Skúlason, honum kynntar umsóknirnar og leitað eftir tillögum hans.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

3. Erindi frá Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá, Arnóri Snorrasyni, dags. 18. febr. s.l. Beiðni um fjárstuðning vegna úttektar á skógræktarskilyrðum á Norðurlandi. Farið er fram á eina milljón kr. Erindið rætt en afgreiðslu frestað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.30.

Davíð Guðmundsson ( sign)

Stefán Guðmundsson ( sign)

Þorvaldur Böðvarsson ( sign)

### **Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 3.**

Fundur í stjórn Norðurlandsskóga haldinn á Akureyri 20. mars árið 2000.

Mættir: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson og Guðmundur H. Gunnarsson sem mætti sem varamaður Davíðs Guðmundssonar.

Formaður Stefán Guðmundsson setti fundinn og ræddi um umsóknir um starf framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga. Eftir umræður í stjórninni um starfið og umsækjendur er stjórnin sammála um að ráða Sigrúnu Sigurjónsdóttur í starf framkvæmdastjóra Nl. Skóga. Stjórnin felur Stefáni Guðmundssyni og Sigurði Skúlasyri að ræða við Sigrúnu um starfskjör og starfstilhögun.

Stjórnin felur Stefáni Guðmundssyni að skrifa umsækjendum og tilkynna þeim niðurstöðu stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

### **Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 4.**

Fundur í stjórn Norðurlandsskóga haldinn á Akureyri 31. mars, 2000

1. Rætt um ráðningasamning við nýráðinn framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga. Eftirfarandi erindisbréf og samningur var samþykktur.

Erindisbréf framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga samkvæmt 8. gr. laga um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999.

Starfsheiti: Framkvæmdastjóri  
Starfsmaður: Sigrún Sigurjónsdóttir  
Ráðningastaður: Akureyri

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn Norðurl. skóga og er ábyrgur gagnvart stjórn Nl. Skóga og landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna stjórn Nl. skóga til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjóra ber að framfylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um verkefnið gilda og stýra því í samræmi við erindisbréf þetta.

Norðurlandsskógar starfa samkvæmt lögum nr. 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni og lögum um skógrækt 3/1955 með síðari breytingum. Framkvæmdastjóri skal einnig fara í embættissýslan sinni að stjórnarsýslulögum nr. 50/1996 og að öðrum lögum og reglugerðum sem snerta kunna embættið eða einstök verkefni þess, eftir því sem við getur átt og aðstæður leyfa hverju sinni.

Ábyrgðarsvið:

- Ber ábyrgð á gerð rekstraráætlana, starfsmannahaldi, landa- viðskipta og samstarfssamningum, fjármála- kostnaðar- og skrifstofustjórn og stjórn framkvæmda.

- Gegnir öðrum þeim ábyrgðarstörfum er stjórn Norðurlandsskóga og eða landbúnaðarráðherra fela honum.
- Framkvæmdastjóri er prófkúruhafi

Starfssvið: Framkvæmdastjóri skal:

- Annast undirbúning og stjórn framkvæmda, auk þess að sjá um skipulagsmál og faglega stjórnun sem tengist Norðurlandsskógum.
- Fyrir febrúarlok ár hvert, leggja fram starfs- og rekstraráætlun sem stjórn verkefnisins samþykkir. Þar skal gerð grein fyrir helstu starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmælingum sem best lýsa starfsemi verkefnisins.
- Fyrir 1. apríl ár hvert, leggja fram ársskýrslu sl. árs samþykkt af stjórn og staðfesta af landbúnaðarráðherra, þar sem fram kemur samanburður á fyrirætlun og niðurstöðum árangursmælinga, auk rekstrar- og efnahagsreiknings, ásamt greinargerð um starfsemina.
- Eiga frumkvæði að skógræktartilraunum er tengjast beint hagsmunum Norðurlandsskóga.
- Gera drög og fylgja eftir samningum og reglugerðum um Nl. skóga.
- Vinna að þróun og markaðssetninu skógarafurða.
- Sjá um útgáfu fréttabréfs og annarra rita á vegum Nl. skóga.
- Skipuleggja fræðslumál og námskeið er tengjast skógrækt fyrir þátttakendur í verkefninu.

Samskipti:

Landbúnaðarráðuneytið, stjórn Norðurlandsskóga, Skógrækt ríkisins, landshlutabundin skógræktarverkefni, landeigendur og sveitarfélög, plöntuframleiðendur, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands. Kemur fram fyrir hönd Norðurl. skóga í fjarveru formanns og sér um samskipti við erlenda og íslenska gesti og stofnanir.

Launakjör:

Samkvæmt launatöflu F.Í.N launaflokk C14, þrep 1. Greiddir skulu 10 fastir yfirvinnutímar á mánuði. Vikulegar vinnustundir eru 40 en sveigjanlegt hvernig þær eru unnar. Greiddir skulu 2000 km. fastir á ári, almennt km. gjald. Haldin skal akstursdagbók yfir akstur vegna Nl. skóga. Nl. skógar leggja til bíl á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Með önnur launakjör og sumarfrí skal farið eins og samningar F.Í.N og ríkisins gefa til kynna.

Samningstími:

Frá 1. maí, 2000 er uppsegjanlegur með 3. mán. fyrirvara af hálfu beggja sammingsaðila. Tilgreind launakjör taka gildi 1. maí, 2000.

Akureyri, 31. mars 2000

Stefán Guðmundsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign) Sigurður Skúlason (sign) Þorvaldur Böðvarsson (sign) Guðmundur Gunnarsson (sign)

2. Rætt um bókhaldsmál Nl. skóga og ákveðið að Sigrún athugi það og komi með tillögu í málinu
3. Sigrúnu falið að athuga með samninga um húsnæði við Búgarð.



4. Rætt um kynningu á verkefninu, Sigrúnu falið að koma með tillögu að kynningaráætlun fyrir 15. apríl.
5. Sigrúnu falið að athuga með samning um bíl til nota fyrir verkefnið í sumar.
6. Skrifa bréf til S.R. og óska eftir viðræðum
7. Sigrúnu falið að gera drög að fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2000.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

## **Norðurlandsskógar. Stjórnarfundur nr. 5.**

Árið 2000, þann 25. apríl kl. 11 var að Búgarði, fundur í stjórn Norðurlandsskóga með framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hver framlög ríkisins hefðu verið til nytjaskóga á Norðurlandi sl. ár, samtals 12 milj. kr. Þar af voru 7 milj. af kolefnispeningum. Miðað við óbreyttar forsendur hefði heildarfjárhæð árið 2000 átt að verða 13 milj. kr. Þar af vegna kolefnispeninga 8 milj. Nú liggur fyrir að þessum 8 milj. hefur verið ráðstafað til Héraðsskóga. Þá lagði Sigrún fram tillögur að kostnaðaráætlun vegna Norðurlandsskóga árið 2000. Tillaga 1, samtals 25 milj. kr. Tillaga 2, samtals 30 milj. kr. Í þeirri tillögu er miðað við að 5 milj. kr. fái af því fé sem Skógrækt ríkisins er á fjárlögum ætlað til sérverkefna. Tillögurnar fylgja fundargerðinni.

Þá var fundi frestað.

Fundi framhaldið á Greifanum kl. 13. 30.

Þá voru mættir frá S.r. Jón Loftsson skógrækarstjóri og Þröstur Eysteinnsson fagmálastj.

Einnig Brynjar Skúlason skógfræðingur. Formaður bauð þá velkomna og Sigrún nefndi þau mál er ræða þyrfti.

### 2. Fjármál.

Skógræktarstjóri taldi að reynslan sýndi að þeir bændur sem hefðu verið í nytjaskógrækt á bújörðum nýttu sér þann möguleika að gerast aðilar að nýjum verkefnum. Varðandi fjármál S.r. sagði hann að erfiðleikar á því sviði væru að hluta til komnir vegna undirbúnings nýrra skógrækarverkefna. Því væri óhjákvæmilegt að þeir peningar sem áður voru ætlaðir til nytjaskógræktar á bújörðum renni til S.r.

Sigrún velti upp þeirri spurningu hvort 5 miljónirnar ættu ekki að renna til Nl.skóga.

Davíð sagði að í fjárlagabeidnum hefði verið gert ráð fyrir að þessir peningar og raunar einnig 8 milj. af kolefnispeningum flyttust yfir til Nl.skóga.

Pröstur taldi að þær skógræktaráætlanir sem unnar yrðu á þessu ári þyrfti ekki að greiða fyrir en á næsta ári.

Sigurður spurði hvar yrði lögð áhersla á rannsóknarvinnu, hvort það yrði á Norðvesturlandi.

Pröstur sagði að það lægi ekki fyrir.

Skógræktarstjóri sagði að ef S.r. hefði fengið þær fjárveitingar sem beðið var um þ.e. 17 milj. kr. þá hefðu málin horft öðru vísi við.

Formaður spurðist fyrir um úttekt skógræktarskilyrða á Norðurlandi.

Pröstur taldi að S.r. gæti haft áhrif í þá átt og beint vinnu skógræktarráðunauts á Norðurlandi að því verkefni.

Davíð sagði að tilboð Þrastar varðandi seinkun greiðslu fyrir skógræktaráætlanir skipti Nl.skóga verulegu máli. Sigrún og Stefán tóku undir þau orð og Stefán sagði að góður hugur fulltrúa S.r. væri mikils virði.

Rætt var um hver ætti að greiða þá vinnu sem Sigrún og Brynjar hafa þegar unnið fyrir Nl.skóga. Fulltrúar S.r. voru bæði af Þorvaldi og Brynjari hvattir til að gera ekki kröfur á Nl.skóga vegna þessa. Sigrúnu og skógræktarstjóra var falið að finna ásættanlega niðurstöðu.

### 3. Skógræktaráætlanir.

Pröstur dreifði drögum að þjónustusamningi milli S.r. og Héraðsskóga um gerð og endurskoðun ræktunaráætla. Hann skýrði frá hugmyndum að einföldun og aukinni skilvirkni slíkra áætla.

Brynjar og Sigrún bentu á að heppilegt væri að starfsmenn Nl.skóga ynnu hluta af áætlanagerðinni.

Pröstur taldi að það kæmi vel til greina og kvaðst reiðubúinn til að fara að vinna að þjónustusamningi við Nl.skóga.

Sigrún varpaði fram þeirri hugmynd að í einstökum tilvikum kæmi til greina að leita álits landslagsarkitekta. Fundarmenn féllust á að í mjög einstökum tilvikum kæmi það til greina.

Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra í samvinnu við Pröst að fara að vinna að þjónustusamningi S.r. og Nl.skóga.

### 4. Svæðisskipulagstillaga.

Brynjari, Sigrúnu og Þresti var falið að ganga frá svæðisskipulagi fyrir Nl.skóga.

### 5. Svæðisstjóri.

Framkvæmdastjóra var heimilað að leita samninga við Guðríði Baldvinsdóttir skógfræðing í starf svæðisstjóra, enda samþykki stjórnin ráðningu hennar.

## 6. Kynningarfundir.

Fram kom að búið er að auglýsa kynningarfundir á Laugarbakka fimmtudaginn 27. apríl kl. 14 og sama dag á Blönduósi við Árbakka kl. 20.30.

Þá var ákveðið að stefna að því að halda fundi á Breiðumýri miðvikudaginn 3. maí kl. 20.30, Þórshöfn fimmtudaginn 4. maí kl. 14 og að Lundi sama dag kl. 20.30. Í Hlíðarbæ mánudaginn 8. maí kl. 14 og í Miðgarði sama dag kl. 20.30.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 16.15.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign)  
Þorvaldur Böðvarsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign) Brynjar Skúlason (sign)  
Jón Loftsson (sign) Þröstur Eysteinnsson (sign)

## Norðurlandsskógar. Stjórnarfundur nr. 6.

Árið 2000, fimmtudaginn 22. júní, kl. 10 var að Búgarði fundur stjórnar með framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Erindi frá starfshóp um stefnumótun í skógrækt, dags. 23. maí s.l. Óskað er eftir að stjórn Nl.skóga tilnefni fulltrúa er vinni að málinu ásamt starfshópnum. Samþykkt var að að tilnefna Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Sigurð Skúlason til vara.

### 2. Taxtamál.

Samþykkt var að greiða á þessu ári fyrir gróðursetningu eftir því kerfi sem notað hefur verið undanfarin ár, með 4,4 % hækkun frá fyrra ári. Það er kr. 7.52 fyrir plöntur úr 40 gata bökkum. 25% álag ef um opna bakka er að ræða. Kr. 8.98 fyrir plöntur úr 35 gata. Kr. 2.10 á plöntu fyrir áburðargjöf. Fyrir íbætur verði greitt 25% álag á þóknun. Engir girðingastyrkir verði greiddir á þessu ári en á næsta ári verði greitt eitt ár aftur í tímann, stofn og viðhaldskosnaður, gerist skógarbóndi aðili að Nl.skógum.

Í umræðum um girðingamál greindi Sigrún frá að nokkur óánægja væri meðal bænda með þá taxa sem kynntir hafa verið. Samþykkt var að greiða inngreiðslu fyrir nýjar girðingar kr. 1000 á ha.

Varðandi slóðagerð í skógræktarlandi sem Nl.skógum ber að kosta, var samþykkt að kanna möguleika þess að inn í skógræktaráætlanir komi tillögur að umferðaleiðum.

### 3. Greiðsluáætlun fyrir Nl.skóga árið 2000.

Sigrún lagði fram meðfylgjandi áætlun. Áætlunin var samþykkt með fyrirvara um stjórnarkostnað.

4. Fjárlagatillögur fyrir árið 2001.

Rætt var á hvern hátt yrði best tryggt að verkefnið fái 50 milj. kr. á næsta ári.

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að vinna að málinu.

5. Sigrúnu var heimilað að ráða Hrefnu Jóhannesdóttir skógfræðing til sérverkefna í 2-3 mánuði síðsumars.

6. Kortamál.

Tilboð frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar dags. 21. 06. s.l. Tölvuvinnsla korta, þ.e. hnitun, tenging við gagnagrunn, stærðarmæling og útskrift á vinnukorti með stærðum vegna vinnu við ræktunarskipulag, kr. 420 á reit. Tilboðið var samþykkt.

Þá greindi Sigrún frá möguleikum á að nýta grunn að jarðakortum sem unnin hafa verið í Skagafirði í samstarfi Búnaðarsambands Skagafjarðar, Skógræktar ríkisins Landgræðslu og Hólaskóla.

Sigrúnu var falið að vinna að nýtingu þessara korta í ræktunaráætlunum.

7. Ákveðin var kynnisferð stjórnar og framkvæmdastjóra 4.júlí n.k. til Fljótisdals-heraðs í leiðsögn starfsmanna Héraðsskóga.

8. Samþykkt var að athuga möguleika þess að Norðurlandsskógar verði formlega stofnaðir 13. júlí n. k. með heimsókn landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar að Dagverðareyri. Sigrúnu var falið að vinna að málinu, ásamt formanni.

9. Rætt um útboðsmál en ákvörðun frestað.

10. Sigrún er að leggja síðustu hönd á kynningarbækling um Nl.skóga. Verður hann sendur út á næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Þorvaldur Böðvarsson (sign)  
Sigurður Skúlason (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)

## **Norðurlandsskógar Sjórnarfundur nr. 7.**

Árið 2000, mánudaginn 2. okt. kl. 11 var að Búgarði fundur stjórnar með framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttir.

Fyrir var tekið:

### 1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2000.

Sigrún lagði fram fjárhagsáætlun 2000 með þeim breytingum sem fyrir liggja á einstökum liðum. Þar kemur fram að horfur eru á því að endar muni nást saman. Miðað við þær forsendur sem liggja fyrir gætu um 3 milj. kr. verið til ráðstöfunar. Rætt var um til hvers þessu fé yrði varið. Samþykkt að greiða girðingaframlag til bænda með nytjaskógasamninga. Inngreiðslu, kr. 1000 á ha. þess lands sem ekki hefur verið plantað í og plantað var í á þessu ári.

### 2. Inntaka nýrra aðila í verkefnið haustið 2000 og vorið 2001.

Sigrún lagði fram drög að forgangsröðunarreglum fyrir inngöngu í Norðurlandsskóga.

#### 1. Lögbýli með fastri búsetu.

a) Girðingar til staðar

b) Vantar girðingar

c) Óákveðnir

#### 2. Lögbýli án ábúðar.

a) Einstaklingar

b) Stofnanir, félagasamtök, eignarhaldsfyrirtæki

#### 3. Annað.

Þessi tilhögun var samþykkt. Sigrún lagði fram lista með um 120 umsækjendum. Farið var yfir listann og ákveðið eftirfarandi, samkvæmt fylgiskjali fundargerðar.

### 3. Útboð á plöntum fyrir árin 2002 og 2003.

Samþykkt að leita samninga við Grísará ehf. um svipað magn og í ár, en bjóða út þá viðbót sem þörf er á.

Gert var fundarhlé, en fundi fram haldið að Skógarbakka í Hagaskógi.

4. Erindi frá starfshóp um stefnumótun í skógrækt dags. 19. sept. s.l. Óskað er eftir ábendingum þar um. Sigrúnu var falið að vinna að tillögum varðandi þessa stefnumótun og kynna þær fyrir stjórninni.

5. Sigrún kynnti drög að samstarfssamningi S.r. og Nl.sk.. Drögin voru einhliða unnin af starfsmönnum S.r. Sigrún benti á nokkur atriði sem hún taldi óviðunandi fyrir Nl.sk.

Henni var falið að gera S.r. gagntilboð varðandi samstarfið.

Stjórnin telur mikilvægt að samkomulag náist sem fyrst.

6. Beiðni um framlag vegna fundar tækninefndar Cost á sviði skóga og skógarafurða. Samþykkt var 30.000 kr framlag. Einnig var samþykkt allt að 100.000 kr. framlag vegna úttektar Guðmundar Halldórssonar og fl. á útbreiðslu sjúkdóma í trjágróðri.

7. Samþykkt voru kaup á fundarborði og stólum, ásamt skrifborðsstól.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)  
Sigurður Skúlason (sign) Þorvaldur Böðvarsson (sign)